

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 22. júní kl. 13:00 var haldinn 292. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Stöðvarstjórastúdíóinu í Elliðaárdal og um fjarfundabúnað. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson, í fjarveru Valgarðs Lyngdal og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sátu fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri og Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 291 samþykkt og undirrituð.

Klukkan 13:05 mætti Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála til fundarins og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Áhættuskýrsla, dags. 29. maí 2020 lögð fram. Rekstaryfirlit janúar-maí 2020 kynnt.

Ingvar lagði fram og kynnti svohljóðandi tillögu. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn samþykkir að útreikningi á veltufjárhlutfalli við mat á arðgreiðsluskilyrðum verði breytt þannig að skammtímahluti innbyggðrar afleiðu verði undanskilinn.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 13:30 mættu Gísli B. Björnsson og Einar Ólafsson til fundarins og kynntu ásamt Ingvari Stefánssyni, álagspróf og viðbragðsáætlun varðandi hugsanlegt brotthvarf stórra viðskiptavina. Umræður.

2. Klukkan 14:10 mættu Anna Margrét Jóhannesdóttir og Hallur Símonarson frá innri endurskoðun til fundarins. Þau kynntu endurskoðunaráætlun og skýrslu um 2. varnarlínu OR. Umræður.
3. Klukkan 14:35 mættu Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna og Hafliði Jón Sigurðsson, forstöðumaður hitaveitu til fundarins og kynntu ásamt Gísla B. Björnssyni, lykilverkefnið: „Góð og örugg þjónusta. Næg geta hitaveitu“. Umræður.
4. Elín Smáradóttir og Guðrún Erla Jónsdóttir kynntu rýni umhverfisstefnu OR í fjarveru Hólmfríðar Sigurðardóttur, umhverfisstjóra. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða.
5. Guðrún Erla Jónsdóttir kynnti stöðu stefnuverkefna og lagði fram minnisblað, dags. 22. júní 2020. Umræður.
6. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 16.júní s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 19. júní s.l. Umræður.
7. Lögð fram og rædd samantekt á mati stjórnarmanna á störfum stjórnar, sem stjórnarmenn unnu á milli funda.
8. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 18. júní 2020, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
9. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:15.**

**Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 24. ágúst 2020.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon  
Hildur Björnsdóttir  
Guðjón Viðar Guðjónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir